

# Fundargerð FFÁ

**Fundarefni:** 2. stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla

**Dags:** 28.05.2013

**Fundarmenn:** Guðni Björnsson, Hörður Sigurðsson, Karl Einarsson Lárus Axel Sigurjónsson, Berglind Svavarsdóttir og Brynhildur Grímsdóttir og Íris Leósdóttir varamenn.

**Fjarverandi:** Hólmfríður Einarisdóttir.

**Ritað af:** Berglind Svavarsdóttir

## Fundur settur

Guðni setti fundinn kl. 19.45

### 1) Fundargerðir.

Fundargerðir síðasta fundar samþykktar. Formaður mun framvegis setja fundargerðirnar inn á vefinn.

### 2) Fjármál FFÁ

Nýjum gjaldkera falin prókúra og sú breyting undirrituð af stjórnarmönnum. Rætt um að gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og var gjaldkera falið að vinna fyrstu drög.

### 3) Val á bekkjarfulltrúum.

Formaður gerði tillögu um að bekkjarfulltrúar yrðu ekki valdir á námsefniskynningum á haustin heldur á sérstökum foreldrafundi á vorin. Rætt um að umsjónarmenn stiga beri ábyrgð á að setja sig í samband við núverandi bekkjarfulltrúa og fela þeim að boða til slíkra funda í viðkomandi bekk. Tillagan var samþykkt og ákveðið að hringja þessu nýja fyrirkomulagi strax af stað.

### 4) Að virkja foreldra í verkefnum FFÁ.

Rætt um hvernig beri að virkja foreldra betur í starfi foreldrafélagsins. Ýmsar hugmyndir ræddar t.d reyna að koma á e-i kaffihúsastemningu, opna skólann meira, hafa fjölbreyttara starf ofl. Málið verður skoðað áfram.

### 5) Samskipti heimili og skóla.

Rætt um samskipti heimila og skóla og leiðir til að bæta þau samskipti enn frekar. Formaður reifaði þá hugmynd að koma á nokkurs konar hringborði foreldra og kennara þar sem hægt væri að reifa skoðanir og álit út frá sjónarhóli nemenda og kennara, taka á ýmsum vandamálum ofl. Frekari umræður þar að lútandi. Formaður tók að sér að viðra þessa hugmynd við skólastjóra.

### 6) Uppstokkun bekkja í 3. bekk.

Rætt um þá fyrirætlun skólans að stokka upp heilum bekk án nokkurs fyrirvara og án samráðs við foreldra. Sú fyrirætlun vakti hörð viðbrögð frá foreldrum sem varð til þess að skólinn endurskoðaði þá ákvörðun og féll frá fyrri hugmyndum. Stjórn áréttar enn og aftur mikilvægi góðra samskipta á milli heimilis og skóla og telur nauðsynlegt að til slíkra breytinga verði ekki gripið framvegis án samráðs við foreldra, enda ekki í samræmi við skólanámsskrá.

### 7) Önnur mál.

- Formaður skýrði frá því að skýrsla um ytra mat skólans liggja fyrir og sé aðgengileg á heimasíðum ráðuneytis menntamála og námsmatsstofnunar. Skólinn kemur mjög vel út úr þessu mati.
- Formaður skýrði frá því nýr aðstoðarskólastjóri hefði verið ráðinn til starfa, Einar Birgir Steinþórsson, sem hefði verið skólameistari í Flensborgarskóla í 15 ár. Stjórnin fagnar því og býður hann velkominn í skólann
- Rætt um félagsmiðstöðina Pegasus og mikilvægi þess starfs sem þar færi fram.
- Framundan hjá foreldrafélagi: Undirbúningur skólustarfs næsta hausts; kaup á skólagögnum fyrir 1. bekk og þökkun verður að eiga sér stað fyrir upphaf skólabyrjunar.

- Næsti fundur ákveðinn 20. ágúst 19.30. Fundarefni: þökkun.

Guðni sleit fundi kl. 21.20